



Skipulagsstofnun

Mótt.: 16 júlí 2024
Mál nr.

12023070518



AÐALSKIPULAG HRUNAMANNAHREPPS 2016-2032

Breyting aðalskipulags - verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð

22.08.2023

Breytt 06.02.2024



Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 18.04.2024



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 22.08.2024

Gudrun Þára Ósvárd



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 13.07.23 með athugasemdafresti til: 04.08.23

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 08.02.24 með athugasemdafresti til: 22.03.24

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

103012-01-ASKBR-001-V03

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

María Björk Gunnarsdóttir / Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Ferðaþjónusta	4
2.2	Gróðurfar	5
2.3	Jarðmyndanir	5
3	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
3.2	Aðalskipulag Hrunmannahrepps 2016-2032	6
3.3	Samræmi breytingar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	6
3.4	Fornminjar	7
3.5	Deiliskipulag	7
4	BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI	7
4.1	Breytingar á uppdrátti	7
4.2	Breytingar á greinargerð	7
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	8
5.1	Umhverfisþættir og áherslur	8
5.2	Valkostir	9
5.3	Umhverfisáhrif	9
5.4	Niðurstaða	10
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	10
6.1	Skipulagsferlið	10
6.2	Breytingar að lokinni kynningu	11
6.3	Breytingar eftir umsögn Skipulagsstofnunar	11

1 INNGANGUR

Hrunamannahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 1. Mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin nær yfir nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð (L234128), nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði. Svæðið er landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Skilgreint verður um 4 ha verslunar og þjónustusvæði en deiliskipulagssvæði verður stærra, m.a. vegna göngustíga að Hvítá.

Við Brúarhlöð er bílastæði þar sem ferðamenn stoppa og skoða gljúfur Hvítár og frá því liggur stígur að gljúfrinu. Landeigandi vill byggja upp þjónustu á staðnum og leggja fleiri og betri gönguleiðir um svæðið.

Dregið hefur verið úr umfangi mannvirkja og stærð svæðis m.v. hugmyndir sem settar voru fram í skipulags- og matslysingu, t.d. er hætt við að vera með gistingu og þjónustuhús minnkað.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu er unnið deiliskipulag fyrir svæðið.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppdráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Brúarhlöð nefnist efsti hluti af 10 km löngu gljúfri í Hvítá, sunnan Tungufells. Gljúfrið er þróngt og farvegurinn því mjög djúpur, dýpi árinnar er a.m.k. 10 m undir brúnni á Skeiða- og Hrunamannavegi. Þar hefur áin grafið farveg sinn í þursaberg og myndað ýmsar sérstæðar klettamyndanir og skessukatla. Í ánni eru m.a. tveir drangar sem kallast Karl og Kerling¹.

Um svæðið liggur hinn forni Kónsvegur sem var lagður um uppsveitir Árnessýslu árið 1906, í tilefni af heimsókn Friðriks VIII Danakonungs ári síðar. Hluti hans er enn nýttur til aksturs að frístundahúsum sunnan svæðisins. Þá var byggð fyrsta brúin yfir Hvítá við Brúarhlöð, það var trébrú sem tók af í vetrarflóðum árið 1929 og aftur ári síðar. Á bergeninu sitt hvorum megin árinnar sést enn móta fyrir brúarstöplunum.

2.1 Ferðaþjónusta

Brúarhlöð er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og í námunda við „Gullna hringinn“. Við Brúarhlöð er bílastæði og lítt áningarstaður fyrir ferðamenn. Frá honum liggur stígur að gljúfri Hvítár. Svæðið er

¹ <https://is.nat.is/bruarhlod/> 16.06.2021

orðið nokkuð slitið af ágangi ferðamanna sem ekki fylgja stígum og því þörf á að skilgreina stígakerfi betur og stýra gangandi umferð.

Ferðamálastofa hefur kortlagt „Auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu“. Í verkefninu voru, með aðstoð heimafólks, kortlagðir staðir þar sem upplifa má staðbundna og einstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu. Skráningin gefur vísbendingar um sérkenni svæða sem hugsanlega má nýta. Brúarhlöð er einn af áherslustöðum Hrunamannahrepps vegna ástands og nauðsynlegra aðgerða.

EKKI liggur fyrir hversu margir ferðamenn heimsækja staðinn í dag né heldur hver áætlaður fjöldi ferðamanna er, eða hver eru þolmörk svæðisins.

2.2 Gróðurfar

Helstu vistgerðir á skipulagssvæðinu eru skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar mela-gambravist, hraungambravist og birkiskógur. Melagambravist hefur miðlungs verndargildi, hraun-gambravist lágt verndargildi en birkiskógur hefur hátt verndargildi og er vistgerðin á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.

Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagning miðast við nákvæmni allt að 1:25.000.

2.3 Jarðmyndanir

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra þá er að finna 10-25 gráðu heita volgru á svæðinu. Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þá njóta hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífíki sem tengist þeim sérstakrar verndar og ber að forðast að raska þeim.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við aðalskipulagsbreytingu er einkum horft til stefnu í eftirfarandi áætlunum.

3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í landsskipulagsstefnu er sett stefna er varðar ferðaþjónustu í dreifbýli. Með skipulagðri landnotkun er stuðlað að efingu ferðaþjónustu í dreifbýli og um leið gætt að varðveislu þeirrar náttúru og umhverfis-gæða sem eru undirstaða ferðaþjónustunnar.

Í kafla 2.4.1 um ferðaþjónustu á grunni sérstöðu og umhverfisgæða segir:

„*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum*“.

3.2 Aðalskipulag Hrunmannahrepps 2016-2032

Landbúnaðarsvæði

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar.

Verslunar- og þjónustusvæði

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Þjónusta verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað, m.a. til að fjlóga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.
- Við skipulag þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðafólks ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.

Verndarsvæði og minjar

- Stuðlað verði að verndun lands og góðri umgengni.
- Stuðla skal að verndun náttúruminja samhliða því að fólk verði gert kleift að njóta þessara verðmæta.
- Stuðlað verði að frekari verndun náttúruminja í samvinnu við Umhverfisstofnun.
- Kortlagðar verði gamlar þjóðleiðir og kannaðir möguleikar á að nýta þær sem reið- og/eða gönguleiðir. Enn fremur verði hugað að verndun ýmissa eldri samgöngumannvirkja, s.s. Kóngsvegarins frá 1907.

Svæðið sem um ræðir er á Náttúruminjaskrá; Brúarhlöð nr. 736. Í náttúruminjaskrá er eftirfarandi lýsing á svæðinu: „Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að ármótum (Hvítá og Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinnar. Tilkumumikið gljúfur með kjarri- og skógi vöxnum bökkum“.

Gönguleiðir

- Merktar verða fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtast íbúum til útvistar og geta jafnframt verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðajónustu.
- Hluti gönguleiðanna tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.
- Áhersla verður á að gera a.m.k. hluta Kóngsvegar að aðgengilegri gönguleið.

3.3 Samræmi breytingar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Breytingin er í samræmi við landsskipulagsstefnu hvað varðar að við Brúarhlöð er klárlega tækifæri til að bæta þjónustu og aðbúnað ferðamanna, til að upplifa og njóta staðarins.

Breytingin er í samræmi við stefnu í aðalskipulagi því fyrirhugað er að byggja upp þjónustu og afþreyingarmöguleika. Einnig er stefna um að stuðla að verndun náttúruminja en um leið að gera fólk kleift að njóta þeirra verðmæta. Með gerð gönguleiða um svæðið er verið að beina gestum ákveðnar leiðir og um leið minnka líkur á að gestir gangi víðsvegar um svæðið. Með gerð gönguleiða er stuðlað að

ákveðinni verndun á svæðinu en um leið er gestum gert kleift að njóta þess. Ekki er um gott landbún-
aðarland að ræða.

3.4 Fornminjar

Kónsgsvegur (ÁR681-019) eru einu þekktu fornminjarnar á skipulagssvæðinu. Hafa skal samráð við Minjastofnun um framkvæmdir við eða á Kónsgsvegi. Vegurinn er að hluta til nýttur sem aðkomuvegur að sumarhúsum sunnan skipulagssvæðisins. Lega Kónsgsvegar er sýnd á aðalskipulagsuppdrætti og verður gerð grein fyrir honum í deiliskipulagi.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.

3.5 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið. Unnið verður deiliskipulag fyrir allt að 6 ha svæði, hluti þess verður áfram landbúnaðarland. Gert er ráð fyrir þjónustubyggingu með veitingasölu, bílastæðum og skilgreindri aðkomu. Göngustígar verða gerðir og útsýnispallar.

4 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð.

4.1 Breytingar á uppdrætti

Á uppdrætti verður bætt inn nýju verslunar- og þjónustusvæði Vþ7 og nýju vatnsbóli VB33, ásamt grann- og fjarsvæði vatnsverndar.

4.2 Breytingar á greinargerð

Kafli 2.2.3 um verslunar- og þjónustusvæði

Í greinargerð verður bætt inn verslunar- og þjónustusvæði Vþ7 og skilmálum fyrir það.

NR	HEITI	LÝSING
Vþ7	Brúarhlöð	<p>Heimilt er að byggja allt að 500 m² þjónustuhús á einni hæð. Í húsinu getur verið veitingasala, snyrtningar, upplýsingar og ýmis konar þjónusta við ferðamenn. Einnig verður bílastæði stækkað og gerðir göngustígar að farvegi Hvítár.</p> <p>Forðast skal eins og kostur er allt rask á landi, gróðri og jarðmyndunum. Nánari skilmálar skulu settir í deiliskipulagi.</p> <p>Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir tilhögun fráveitu.</p> <p>Stærð svæðis er allt að 4 ha.</p>

Kafli 2.6.4 um vatnsvernd

NR	HEITI	LÝSING
VB33	Brúarhlöð	Vatnstökusvæði, grannsvæði og fjarsvæði, m.a. fyrir þjónustusvæði við Brúarhlöð. Nákvæm staðsetning vatnsbóls skal gerð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og m.t.t. þess að það sé í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum og hvers konar starfsemi sem ætla má að geti spiltt vatni. Borað verður eftir vatni.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

5.1 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með breytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, helstu matssurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. 61. gr. sérstök vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl.
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?	Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar. <ul style="list-style-type: none"> Verndun vistgerða með hátt eða mjög hátt verndargildi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.
Samfélag <i>Þjónusta við ferðamenn.</i> <i>Atvinnulif.</i> <i>Útvistarmöguleikar.</i>	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á útvistarmöguleika? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifær?	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Þjónusta við ferðamenn verði efla og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjlóga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Skipulagsákvarðanir um ferðajónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðajónustunnar.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i> Svæði á náttúruminjaskrá	Hefur stefnan áhrif á fornminjar? Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði?	<p>Fornleifaskráning. Stefna í aðalskipulagi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stuðla skal að verndun náttúruminja samhliða því að fólk verði gert kleift að njóta þessara verðmæta. • Merkir minja- og sögustaðir verði merktir og gerðir aðgengilegir, fornar leiðir verði endurvaktar.

5.2 Valkostir

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður borið saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag. Þ.e. að um 4 ha landbúnaðarsvæðis verði breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu með heimild fyrir verslun og veitingasölu ásamt bílastæði. Einnig verða lagðir göngustígar um svæðið og gert ráð fyrir vatnsbóli ásamt grann- og fjarsvæði.

5.3 Umhverfisáhrif

Breytt skipulag

Áhrif á land og landslag eru neikvæð. Mannvirki verða gerð á lítt röskuðu svæði og stígar lagðir að sérstökum jarðmyndunum sem eru á náttúruminjaskrá. Mannvirki verða alltaf sýnileg að einhverju leyti, jafnvel þó þau séu ofan í lægð eins og í þessu tilfelli. Til að draga úr áhrifum eru skilmálar um að forðast allt rask á landi, gróðri og jarðmyndunum og ýtarlegri skilmála vísað í deiliskipulag.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Ekki er gert ráð fyrir að birkiskógor verði fyrir raski við framkvæmdir. Settir eru skilmálar um að forðast allt rask á gróðri, eftir því sem hægt er. Svæðið telst ekki vera gott landbúnaðarland. Ekki er líklegt að stefnan hafi áhrif á dýralíf.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Með breytingunni verður heimilt að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn sem leggja leið sína að Brúarhlöðum, bæði þjónustu, upplýsingar, betri göngustíga og bílastæði. Við þetta batna útvistarmöguleikar og ný atvinnutækifæri verða til.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óviss. Svæðið er á náttúruminjaskrá og um það liggur hluti Kóngsvegar. Með stefnunni er líklegt að stýring verði á umferð ferðamanna um svæðið og þannig hægt að minnka álag á minjar. Það ætti að vera möguleiki að staðsetja mannvirki þannig að ekki þurfi að raska minjum.

Gildandi skipulag – núll kostur

Áhrif á land og landslag eru neikvæð. Á Brúarhlöðum er lítið bílastæði og frá því mjór stígur að gljúfri Hvítár. Engin stýring er á umferð um svæðið og ber stígakerfið þess merki að hluti ferðamanna gengur þar sem þeim sýnist.

Áhrif á gróður og dýr eru engin. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar svo áhrif á gróður og dýr eru engin. Svæðið telst ekki vera gott landbúnaðarland.

Áhrif á samfélag eru óveruleg. Þeir ferðamenn sem eiga leið um Brúarhlöð eru líklegir til að sækja þá þjónustu sem þeir þurfa annars staðar.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óviss. Svæðið er á náttúruminjaskrá og um það liggur hluti Kóngsvegar. Lítill stýring er á því hvar ferðamenn leggja leið sína og litlar eða engar merkingar eru um mikilvægi minjanna.

5.4 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni enda er hún í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi um að efla þjónustu og fjölga þar með atvinnutækifærum. Samhliða þarf að huga að verndun náttúru- og menningarminja en leyfa gestum samt að njóta þeirra og fræðast um þær. Brúarhlöð er einn af áherslustöðum Hrunamannahrepps þar sem þörf er á úrbótum vegna ástands svæðisins. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir staðsetningu og yfirbragði mannvirkja og stígar útfærðir.


6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt sumarið 2023, eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafest. Breytingin verður auk þess send til eftirtalinna umsagnaraðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- ISOR
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Skógræktin
- Veðurstofa Íslands
- Bláskógabyggð

6.1 Skipulagsferlið



6.2 Breytingar að lokinni kynningu

Umsagnir bárust frá: Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Skógræktinni og Helga Bjarnasyni.

Eftir því sem við á hefur verið brugðist við umsögnum og eru gerðar eftirfarandi breytingar á tillögunni:

- Gerð grein fyrir að fjöldi ferðamanna í dag og áætlaður fjöldi ferðamanna liggi ekki fyrir. Ekki hefur verið gerð rannsókn á þolmörkum svæðisins.
- Bætt er í umfjöllun um vatnsból að það skuli staðsett m.t.t. þess að það sé í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum og hvers konar starfsemi sem ætla má að geti spiltt vatninu.

6.3 Breytingar eftir umsögn Skipulagsstofnunar


- Bætt í skilmála að í deiliskipulagi skuli gera grein fyrir fyrirkomulagi fráveitu.
- Bláskógabyggð bætt við sem umsagnaraðila.

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016 - 2032

Sveitarfélagsuppráttur - Brúarhlöð verslunar- og þjónustusvæði



Hrunamannahreppur



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

SKÝRINGAR

Atvinna og byggð

- Frístundabyggð (pink)
- Landbúnaðarsvæði (light green)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (dark green)
- Efnistökum og efnislosunarsvæði (red)

- Verslun og þjónusta (yellow)
- Vatnsból (blue)

Samgöngur og vegir

- Stofnvegir (thin grey line)
- Tengivegir (thick black line)
- Aðrir vegir (solid grey line)

Slóðar

Megin gönguleiðir


Megin reiðleiðir

Bæir

Sveitarfélagsmörk

Takmarkanir á landnotkun

- Vatnsvernd fjarðsvæði (dashed blue line)
- Vatnsvernd grannsvæði (dashed blue line)
- Akuryrkjuland flokkur I og II (dotted blue line)
- Ræktað land (dark green)
- Svæði breytingar (red circle)



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skipulagsgögn:

Uppdráttur þessi með greinargerð.



0 0,4 0,8 1,5 2,3 3 km



Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032
Brúarhlöð verslunar- og þjónustusvæði

Verk: 103012
Unnið: IS

Blaðstærð: A4
Rýnt: MBG

Mælikvarði: 1:50.000
Dags: 22.08.2023

Breytt dags: